

Afsláttur af lánasöfnum

Í þessari greinargerð hef ég tekið saman það helsta sem mér finnst áhugavert í skjölum með drögum að stofnefnahagsreikningum nýju bankanna, þeim sem Víglundur Þorsteinsson hefur núna birt. Skoða verður gögnin í samhengi við upplýsingar í skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna frá mars 2011 (sjá <http://www.althingi.is/altext/139/s/pdf/1213.pdf>), upplýsingar úr skýrslum slitastjórna til kröfuhafa, skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, svörum veittum á Alþingi, úr uppgjörum nýju bankanna og öðrum opinberum gögnum. Byrjað á því að taka saman helstu niðurstöður skýrslu fjármálaráðherra.

Hafa skal í huga, að þessi greinargerð var rituð í maí 2013 og hef ég ekki breytt neinum tölulegum upplýsingum frá því hún var útbúin. Ekki er því tekið tillit til upplýsinga sem síðar hafa komið fram.

Úr skýrslu fjármálaráðherra

Í bráðabirgðastofnefnahagsreikningum nýju bankanna frá 14. nóvember 2008 var gert ráð fyrir að heildarefnahagur nýju bankanna yrði 2.886 ma.kr. Inni í því væri falið 385 ma.kr. eiginfjárframlag ríkisins og að gefin yrðu út skuldabréf til gömlu bankanna upp á 1.153 ma.kr. til að greiða fyrir mismuninn á eignum og skuldum sem teknar væru yfir. Deloitte LLP var fengið til að leggja mat á yfirfærðar eignir og skuldir. Í matinu, sem skilað var 22. apríl 2009, var gert ráð fyrir 47-55% endurheimtum lána og útgefin skuldabréf til gömlu bankanna höfðu þá lækkað í 442-776 ma.kr. Ástæðan fyrir því að þessar upplýsingar eru dregnar fram, er að þetta eru þær tölur sem unnið var með áður en gengið var til samninga milli nýju bankanna og þeirra gömlu og þar með kröfuhafa þeirra.

Í samningunum, sem síðar náðust, breyttist ýmislegt. Fyrst var, að ágreiningur var um mat á virði lána og var því ákveðið að vikmörk á matið. Annað var, að kominn var upp vafi um lögmæti gengistryggðra lána og því talið nauðsynlegt að taka tillits til þess í samningunum. Þriðja, að ákveðið var að einhverjar eignir sem áttu að fara til nýju bankanna, yrðu eftir í þeim gömlu.

Við þetta urðu þær breytingar á stofnefnahagsreikningum nýju bankanna að heildarefnahagur þeirra endaði í 2.088 ma.kr. og grunnmat yfirfærðra eigna samtals að fjárhæð 1.765 ma.kr. Skuldabréf til gömlu bankanna voru komin niður í 289 ma.kr., auk skilyrtrar viðbótargreiðslu upp á 215 ma.kr. sem átti síðar eftir að lækka niður í 135 ma.kr.

Útlán til innlendra viðskiptavina voru færð yfir á bókfærðu verði. Ákveðinn hluti útlánanna voru skilin eftir í gömlu bönkunum sem hér segir:

- Veðsett útlán
- Rekstrareiningar um sérverkefni (SPV, special purpose vehicles)
- Útlán sem eru hluti af „total return swaps“
- Útlán sem heyra undir sértryggt skuldabréf
- Sérstaklega áhættusöm útlán, t.d. millilagslán (mezzanine) og útlán sem falið geta í sér framtíðarskuldbindingar (undrawn revolvers)

Bráðabirgðatölur um yfirfærslu útlána viðskiptavina bankanna voru miðað við 14. nóvember 2008 því eftirfarandi:

| | |
|---------------|----------------|
| Arion banki | 455,5 ma.kr. |
| Íslandsbanki | 631,4 ma.kr. |
| Landsbankinn | 739,4 ma.kr. |
| Samtals | 1.826,3 ma.kr. |
| Heildareignir | 2.886,0 ma.kr. |

Deloitte LLP frá London var síðan falið að meta þessi lánasöfn á þeim grunni að þeim væri skipt í þrjá meginflokka: (i) Lán til stórra fyrirtækja (með 2,5 ma.kr. eða meira í heildarlántökum), (ii) lán til smárra og meðalstórra fyrirtækja og (iii) lán til einstaklinga. Hópur (i) var metinn fyrirtæki fyrir fyrirtæki, en önnur lán áttu að byggjast á úrtaki. Útbjó Deloitte eina skýrslu fyrir hvern banka. Loks var Oliver Wyman fenginn til að meta aðferðir Deloitte. Gerði Wyman ýmsar athugasemdir við aðferðafræði Deloitte og eru þær allir í þá átt að Deloitte gefi sér forsendur sem hugsanlega eiga ekki við á Íslandi.

Niðurstaða Deloitte var sett fram sem mat á lægri og hærri mörkum heildareigna. Þessi mörk voru annars vegar 1.880 ma.kr. og hins vegar 2.204 ma.kr. Neðri mörkin miðuðu við 47% endurheimtu lána, en þau efri 55% endurheimtu. Sé þetta borið saman við bráðabirgðaeignarmat frá 14/11/2008, þá eru neðri mörkin 65% af þeim og þau efri 76%.

Samkvæmt skýrslu ráðherra var bilið fyrir hvern banka 95 til 131 ma.kr. Bankarnir sjálfir töldu lágmarksendurheimtur vera á bilinu 35-55% af nafnverði, misjafnt eftir bönkum. Miðað við ársskýrslur bankanna, þá virðist sem mat Íslandsbanka hafi verið íhaldssamast meðan mestrar bjartsýni hafi gætt hjá Landsbankanum. (Að bankarnir hafi talið matið jafn lágt og nefnt er, skýtur mjög skökku við miðað við hve ákafir þeir hafa verið í að færa lánin upp fram til þessa.)

Gengistryggð lán fengu sérstaka meðhöndlun. Fyrir það fyrsta var talin þörf á því að færa þau niður í neðstu mörk Deloitte. Hér er komið nýtt atriði í skýrslu ráðherra, þar sem ekki hafði áður verið talað um „neðstu“ mörk. Þetta er þó skýrt á eftirfarandi hátt: „Bent var á að öll gengistryggð lán hefðu verið afskrifuð um meira en helming við yfirfærslu þeirra til nýju bankanna.“

Þetta leiddi síðan allt til þess að útlán til viðskiptavina voru færð inn í efnahagsreikninga bankanna sem hér segir:

| | | Dagsetning |
|---------------|----------------|------------|
| Arion banki | 324,7 ma.kr. | 22.10.2008 |
| Íslandsbanki | 482,6 ma.kr. | 15.10.2008 |
| Landsbankinn | 655,7 ma.kr. | 9.10.2008 |
| Samtals | 1.463,0 ma.kr. | |
| Heildareignir | 2.087,9 ma.kr. | |

Af heildareignum eru hlutafjárloforð 284,7 ma.kr., en þau voru ekki í áður talin til eigna. Stærsta breytingin er þó að heildarvirði yfirfærðra lána hafði lækkað um 363,3 ma.kr.

Svör veitt á Alþingi og opinber gögn

Bæði fjármálaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra hafa ítrekað verið spurðir um afslætti til nýju bankanna og afskriftir til viðskiptavina. Hér fyrir neðan er fjallað um nokkur þeirra:

1. Svar efnahags- og viðskiptaráðherra, Árna Páls Árnasonar, við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um tap [fjármála]fyrirtækja vegna gjaldþrota eða afskrifta frá 27.05.2011. Svar ráðherra er um afskriftir viðskiptabanka hjá fyrirtækjum fyrir 2006, 2007, 2008 og síðan 2009-10 saman. Árunum 2006 og 2007 eru sleppt í þessari umfjöllun, þar sem þau skipta ekki máli.

| Ár | 2008 | 2009–2010 |
|---|----------------------|------------------------|
| Byggingastarfsemi | 349.233.725 | 25.293.365.239 |
| Verslun | 1.418.864.527 | 29.589.588.857 |
| Fasteignafélög / fasteignaviðskipti | 181.879.013 | 34.536.814.023 |
| Þjónusta, fjármálafyrirtæki, samgöngur og flutningur | 321.076.657 | 19.566.282.944 |
| Iðnaður / landbúnaður / matvælaíðnaður | 139.250.192 | 15.583.528.024 |
| Sjávarútvegur / fiskveiðar | 170.965.857 | 10.529.116.789 |
| Annað | 2.319.565.477 | 345.783.448.333 |
| Samtals | 4.900.835.448 | 480.882.144.209 |

Áhugavert er hvað talan fyrir 2008 er lág miðað við það sem á eftir kemur.

2. Svar efnahags- og viðskiptaráðherra, Árna Páls Árnasonar, við fyrirspurn Einar K. Guðfinnssonar um afskriftir í fjármálakerfinu frá 5.9.2011. Hér bætist aðeins í svarið frá 27.5.2011, þar sem nú er líka bætt við einstaklingum.

| Ár | 2008 | 2009–2010 |
|------------------------|----------------------|------------------------|
| Lögaðilar | 4.900.835.448 | 480.882.144.209 |
| - á höfuðborgarsvæðinu | 3.093.793.914 | 440.106.840.336 |
| - á landsbyggðinni | 438.065.943 | 24.442.686.666 |
| - óflokkað | 1.368.975.591 | 16.335.111.535 |
| Einstaklingar | 1.175.266.550 | 22.412.922.613 |
| - á höfuðborgarsvæðinu | 651.485.281 | 14.528.944.569 |
| - á landsbyggðinni | 190.941.820 | 3.718.442.462 |
| - óflokkað | 332.839.449 | 4.165.535.582 |
| Samtals | 6.076.101.998 | 503.296.561.150 |

Aftur er áhugavert hvað talan fyrir 2008 er lág miðað við það sem á eftir kemur.

3. Svar fjármálaráðherra, Steingríms J. Sigfússonar, við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um efnahagsreikning Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans við stofnun frá 13.9.2011. Upplýsingar í svarinu eru nánast þær sömu og koma fram í skýrslu fjármálaráðherra að ofan og birtast í töflum hvers banka fyrir sig síðar í þessari greinargerð.

4. Skýrsla eftirlitsnefndar til efnahags- og viðskiptaráðherra, samkvæmt lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishruns, svo kölluð Maríu-nefnd. Nefndin skilaði fyrstu skýrslu sinni í september 2011. Í henni eru engar fjárhæðir vegna úrræða fyrir heimilin, en á bls. 68 í skýrslunni er áhugaverð tafla um eftirgjöf skulda til fyrirtækja yfir einum milljarði króna. Hér fyrir neðan er birt tafla um eftirgjöf skulda eftir atvinnustarfsemi miðað við 30. júní 2011.

| Tegund atvinnustarfsemi | Fjöldi fyrirtækja | Heildarskuldir við viðkomandi fjármálafyrirtæki | Eftirgjöf skuldar við viðkomandi fjármálafyrirtæki | Hlutfall eftirgjafar skuldar | Láni breytt í hlutfé | Hlutfall, lán breytt í hlutfé |
|------------------------------------|-------------------|---|--|------------------------------|-----------------------|-------------------------------|
| Fasteignafélag | 7 | 25.876.600.000 | 13.618.700.000 | 53% | 1.787.000.000 | 7% |
| Fjárfestingar- og eignarhaldsfélag | 7 | 203.931.000.000 | 169.447.682.033 | 83% | 2.528.000.000 | 1% |
| Sjávarútvegsfyrirtæki | 5 | 20.959.600.403 | 12.792.335.783 | 61% | 0 | 0% |
| Verktakar og byggingastarfsemi | 4 | 44.738.801.133 | 26.569.394.347 | 59% | 1.080.000.000 | 2% |
| Verslunar- og þjónustufyrirtæki | 13 | 129.875.589.453 | 88.527.691.299 | 68% | 9.099.300.000 | 7% |
| Fyrirtæki í öðrum greinum | 5 | 38.145.292.247 | 25.167.312.310 | 66% | 3.273.472.754 | 9% |
| SAMTALS | 41 | 463.526.883.236 | 336.123.115.772 | 73% | 17.767.772.754 | 4% |

Séu tölur fyrir 30. september 2012 skoðaðar, þá hefur fyrirtækjunum fjölgað í 69, heildarskuldir þeirra voru 661,2 ma.kr., eftirgjöfin var komin í 415,8 ma.kr. eða 63% og um 5% lána eða 30,6 ma.kr. var breytt í hlutfé.

Hægt er að sækja frekari upplýsingar á vefslóðina

<http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/raduneyti/nefndir/vidskipti/2010/06/09/nr/6475>

5. Munnlegt svar efnahags- og viðskiptaráðherra, Árna Páls Árnasonar hinn 12.10.2011 við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um leiðréttingu lána sem færð voru frá gömlu bönkunum til þeirra nýju. Í þeirri umræðu sagði ráðherra: „Lánasöfnin voru endurmetin og tekin yfir á lægra virði. 1.600 ma.kr. í tilviki fyrirtækja. - Búið er að afskrifa 920 ma.kr. 90 ma.kr. í tilviki heimilanna.“ Því miður eru þessar tölur ráðherrans fyrrverandi kolrangar, eins komið hefur fram að ofan og fjallað verður nánar síðar.

6. Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar 17.10.2011 kom fram, að sögn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar þingmanns, að Landsbankinn hafi fengið íbúðalánasafn með 34% afslætti, Arion með 23,5% og Íslandsbanki með 30% prósentu. (Sjá frétt á mbl.is:

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/10/18/loksins_upplyst_um_afslatt/)

Landsbankinn

Í stofnefnahagsreikningi Landsbankans frá 8.10.2008 (sjá bls. 2 í Stofnefnahagsreikningur nýja Landsbankans.pdf (hér eftir NLB-skjal) frá Víglundi) er tilgreint að útlán til viðskiptavina (loans and receivables) hafi staðið í 2.518,7 ma.kr. þann dag. Af þessu hafi verið á þeim tíma gert ráð fyrir að 1.629,6 ma.kr. væri flutt yfir nýja bankann, en 1.007,7 ma.kr. yrðu eftir í þeim gamla.

Þegar upplýsingar um útlán eru skoðuð betur kemur í ljós að lánasöfnin sem flytja átti yfir voru í raun talsvert meira virði. Bæði er að lán tiltekinna aðila, s.s. Samson eignarhaldsfélags, Grettis eignarhaldsfélags, Exista og Fjárfestingarfélagssins Grettis að verðmæti 127,4 ma.kr. voru ekki tekin með, sem og að búið var að selja einhver lán til íbúðalánasjóðs, svo kölluð reclass lán að verðmæti 52,3 ma.kr. (sjá bls. 10 í NLB-skjali). Niðurstaðan í bráðabirgðaeftirspurningum 8.10.2008 var sem sagt að útlán að fjárhæð 1.629,6 ma.kr. ættu að færast yfir í nýja bankann. En tölur breytast fljótt og

mikill skortur er á samræmi milli upplýsinga í NLB-skjalinu og á bls. 15 í skjalinu er nafnvirði yfirfærðra lána og ábyrgða komið í 1.657,7 ma.kr. Þar er líka að finna sundurliðun á niðurfærslu.

Eins og fram kom í skýrslu fjármálaráðherra, þá bar að skoða öll lán fyrirtækja með yfir 2,5 ma.kr. skuld við gamla bankann, vera með almenna niðurfærslu á öðrum lánnum og færa gengistryggð lán a.m.k. niður um 50%. Þetta hefur eftirfarandi í för með sér (ma.kr.):

| Flokkur | Útlán og ábyrgðir | Niðurfærsla | Yfirtekin staða | Hlutfall |
|-------------------------|-------------------|-------------|-----------------|----------|
| Skoðað | 1.172,3 | -532,2 | 640,1 | 54,6% |
| Almenn niðurfærsla, 35% | 458,4 | -169,9 | 315,5 | 68,8% |
| Gengisáhrif | | -203,5 | -203,5 | |
| | 1.657,7 | -905,5 | 752,2 | 45,4% |

Ekki er hægt að segja nákvæmlega hvernig niðurfærsla vegna gengisáhrifa skiptist á milli lánaflokka, en komi hún í réttum hlutföllum, þá ættu 56,3 ma.kr. að færast niður af lánnum í almennum flokki og 147,2 ma.kr. af hinum. Líklegt er þó að um annars vegar sé að ræða hámark gagnvart lánnum í almennum flokki og lágmark gagnvart hinum lánunum. Ef niðurfærslan vegna gengisáhrifa er því dreift á flokkana tvo fáum við:

| Flokkur | Útlán og ábyrgðir | Niðurfærsla | Yfirtekin staða | Hlutfall |
|-------------------------|-------------------|-------------|-----------------|----------|
| Skoðað | 1.172,3 | -679,4 | 492,9 | 42,0% |
| Almenn niðurfærsla, 35% | 458,4 | -226,2 | 232,2 | 50,7% |
| | 1.657,7 | -905,5 | 752,2 | 45,4% |

Samkvæmt þessu stóð til að Landsbankinn tæki lán lítilla og meðalstórra fyrirtækja og einstaklinga yfir með allt að tæplega 50% afslætti, en að lágmarki 31,2% afslætti. Ekkert í gögnunum eða skýrslu fjármálaráðherra bendir til þess að mismunandi lán þessa hóps hafi í grunninn verið meðhöndluð eitthvað öðruvísi en önnur lán, þ.e. hvort heldur lánin voru verðtryggð, óverðtryggð, yfirdráttarlán eða gengistryggð, öll fengu þau í upphafi 31,2% niðurfærslu (þó vissulega sé talað um 35% í NLB-skjalinu). Síðan voru gengistryggð lán færð aukalega niður eða eins og segir í skýrslu fjármálaráðherra: „Bent var á að öll gengistryggð lán hefðu verið afskrifuð um meira en helming við yfirfærslu þeirra til nýju bankanna.“ (Seinni tíma umræða bendir til að þetta hafi verið orðum aukið.)

Bera þarf yfirteknunni stöðuna sem nefnd er í síðustu töflunni hér fyrir ofan, þ.e. 752,2 ma.kr., saman við þau útlán sem enduðu í endanlegum frumefnahagsreikningi Landsbankans, þ.e. 655,7 ma.kr. og hægt er að lesa út úr fyrsta áreikningi bankans. Þarna er mismunur upp á 96,5 ma.kr. Skýringu á þessum mismun er að finna í ársreikningi Landsbankans fyrir 2008. Á bls. 25 í ársreikningnum er tafla þar sem birtar eru upplýsingar um m.a. útlán og ábyrgðir til viðskiptavina. Berum þær saman við tölurnar að ofan:

| Flokkur | Útlán og ábyrgðir | Niðurfærsla | Yfirtekin staða | Hlutfall |
|---------------|-------------------|-------------|-----------------|----------|
| NLB-skjal | 1.657,7 | -905,5 | 752,2 | 45,4% |
| Ársreikningur | 1.241,3 | -585,6 | 655,7 | 52,8% |
| Mismunur | 416,4 | -319,9 | 96,5 | 23,2% |

Greinilega hefur verið tekin sú ákvörðun að taka út þau lán sem voru talin þurfa mesta niðurfærslu og skilja þau eftir í gamla bankanum. Ekki er því rétt að nota tölurnar úr NLB-skjalinu að öðru leiti en upplýsingar um hlutfall affalla.

Höldum áfram með upplýsingar úr ársreikningnum. Næst er skipting lánanna milli fyrirtækja og einstaklinga (sjá bls. 26 í ársreikningi fyrir 2008):

| Flokkur | Útlán og ábyrgðir | Niðurfærsla | Yfirtekin staða | Hlutfall |
|---------------|-------------------|-------------|-----------------|----------|
| Fyrirtæki | 1.004,0 | -506,7 | 497,3 | 49,5% |
| Einstaklingar | 237,3 | -78,9 | 158,4 | 66,7% |
| Ársreikningur | 1.241,3 | -585,6 | 655,7 | 52,8% |

Í þessum tölum er staðfest að lán einstaklinga voru tekin yfir með 33,3% afslætti, en ekki 35% eða 50% eins og draga hefði mátt ályktun um af NLB-skjalinu.

Fyrst minnst er á fyrsta ársreikning Landsbankans, þá er í honum hvergi minnst á niðurfærslu, varúðarfærslu eða neitt annað sem gefur í skyn að Landsbankinn hafi ætlað að innheimta eitthvað af þessum 585,6 ma.kr. sem hann fékk í afslátt af lánunum. Nú er ég ekki sérfróður um gerð ársreikninga, en hefði talið eðlilegt að fyrirtæki gerði grein fyrir 585,6 ma.kr. varúðarfærslu, ef um slíka færslu væri að ræða. Nú ef slík færsla er ekki til staðar, þá er ekki hægt að draga neina aðra ályktun af bókfærðu virði lána, þ.e. 655,7 ma.kr., en að það væri sú upphæð sem ætlunin væri að innheimta af viðskiptavinum bankans, en ekki hátt í tvöföld sú upphæð. Reynsla margra viðskiptavina Landsbankans er hins vegar að lán þeirra séu innheimt miðað við nafnverð, þ.e. án nokkurs afsláttar.

Í nýjstu ársskýrslu Landsbankans (fyrir 2012) er á bls. 33 fjallað um „Endurskipulagningu skulda viðskiptavina“. Þar segir: „Landsbankinn hefur frá stofnun fært skuldir einstaklinga og fyrirtækja niður um 578 milljarða króna. Miðað við höfuðstól fyrirtækjalána í október 2008 höfðu skuldir fyrirtækja verið lækkaðar um 500 milljarða í árslok 2012 eða 47%. Skuldir einstaklinga hafa verið lækkaðar um 33%, en höfuðstóll þeirra nam 237 milljörðum króna í október 2008 og nema afskriftir því tæpum 78 milljörðum króna.“

Um þetta er margt að segja. Tölurnar eru kunnuglegar. 237 milljarðarnir, sem skuldir heimilanna stóðu í í október 2008, eru staða þeirra í gamla bankanum samkvæmt umfjöllun hér að framan og afskriftirnar mismunurinn á virði lánanna í gamla bankanum og því sem þær voru teknar yfir á af nýja bankanum! Hér eignar Landsbankinn sér því niðurfærslu sem bankinn á ekkert í, heldur voru það erlendir kröfuhafar sem gáfu þessar upphæðir eftir. Næst er að hluti þeirra lána, sem hér er fjallað um, voru hugsanlega ekki meðal þeirra lána, sem Landsbankinn tók yfir frá gamla bankanum, heldur komu til bankans við yfirtöku Avant og SP-fjármögnunar. Þá má nefna að samkvæmt NLB-skjalinu fengu öll lán almenna 35% niðurfærslu (verðtryggð, óverðtryggð, yfirdrættir, gengistryggð o.s.frv.) og samkvæmt skýrslu fjármálaráðherra voru öll gengistryggð lán færð niður um minnst 50%. Loks má nefna að bankinn hefur aðeins endurreiknað lítinn hluta gengistryggðra lána sem gætu fallið undir Borgarbyggðardóm Hæstaréttar. Bankinn greinir því í ársskýrslunni frá niðurfærslum sem alls ekki hafa átt sér stað.

| Niðurfærslur - einstaklingar | Höfuðstóll október 2008 | Afskrift í m. kr. | Hlutfall |
|--|----------------------------|----------------------|----------|
| Endurútreikningur lána er falla undir dóma hæstaréttar sem kenndir eru við Mótormax og Borgarbyggð | 26.637 | 12.527 | 47% |
| Endurútreikningur erlendra lána einstaklinga, dómur hæstaréttar, júní 2010 | 57.144 | 23.429 | 41% |
| Lækkun annarra skulda (úrræði kynnt í maí 2011) | 7.659 | 3.625 | 47% |
| 110% leiðin | 76.479 | 15.925 | 21% |
| Önnur úrræði, þar með talin eldri 110% leið, 25% lækkun erlendra lána o.fl. | 37.024 | 9.864 | 27% |
| Bíla- og tækjafjármögnun | 37.024 | 12.614 | 34% |
| Samtals | 237.350 | 77.984 | 33% |

(Í töflunni er villa, þar sem sama talan kemur fyrir tvisvar. Samtalan úr höfuðstólsdálknum er 241.967 milljónir eða 4.617 milljónum hærrí tala en samtala bankans! Nú er spurning hvaða tala er vitlaus. Bankinn er greinilega að búa til sannleika, en gerir auma samlagningarvillu í þeirri tilraun sinni!)

Landsbankinn heldur áfram í ársskýrslu sinni:

„Öll ólögsmæt gengistryggð lán í Landsbankanum hafa verið endurreiknuð en vegna dóma Hæstaréttar nr. 600/2011 og 464/2012, þá mun bankinn þurfa að leiðrétta endurreikning sumra lána. Í uppgjöri fyrir árið 2011 voru gjaldfærðir 38 milljarðar króna undir liðnum „Tap af gengistryggðum útlánum og kröfum á viðskiptavini“ til samræmis við sviðsmynd sem FME óskaði eftir að fjármálafyrirtæki notuðu sem viðmið við útreikning á áhrifum dóms Hæstaréttar nr. 600/2011. Til viðbótar hafa verið gjaldfærðir 2,1 milljarður króna í kjölfar dóms nr. 464/2012. Þessar gjaldfærslur hafa höggvið stórt skarð í arðsemi Landsbankans árið 2011 og einnig að hluta 2012.

Landsbankinn er langt kominn með leiðréttingu á endurútreikningi á ólögsmætum gengistryggðum fasteignalánum einstaklinga í samræmi við ofangreinda Hæstaréttardóma frá árinu 2012. Öllum sem fengið hafa leiðréttingu hefur jafnframt borist tilkynning þar um. Samtals er búið að leiðrétta um 700 lán og hafa þau verið færð niður um 3 milljarða króna, eða um 35% að meðaltali.“

Landsbankinn er sem sagt búinn að gera ráð fyrir niðurfærslu lána um 12,5 ma.kr. eða 47% vegna dóma Hæstaréttar 600/2011 og 464/2012, en samt segist bankinn bara vera búinn að færa 700 lán niður um 3 milljarða króna eða um 35% af meðaltali. Landsbankinn þarf að ákveða sig. Hvort er bankinn búinn að lækka lánin um 12,5 ma.kr. og 47% eða bara 3 ma.kr. og 35% að jafnaði? Aftur er bankinn að búa til sannleika í staðinn fyrir að segja bara sannleikann!

Annað sem við þetta er að athuga er, viðurkenning bankans á því að hann hafi ætlað að nota hluta afsláttarins, sem hann fékk frá gamla bankanum til að búa til hagnað og auka þannig arðsemi bankans.

Þegar kemur að skuldum fyrirtækja, þá er myndin mun hrikalegri. Samkvæmt efnahagsreikningi bankans þá voru lán til viðskiptavina í árslok 2012 upp á 666.1 ma.kr. (sjá taflan Efnahagsreikningur - eignir bls. 103 í ársskýrslunni), þar af voru lán til einstaklinga eitthvað um 200 ma.kr. Upprunalega stóðu lánin í 655,7 ma.kr. Samkvæmt töflu á bls. 42 í ársskýrslu bankans, þá hefur bankinn endurmetið útlánasöfn á árunum 2008-2012 til hækkunar upp á 127,5 ma.kr. Í sömu töflu segist

bankinn bókfæra tap vegna ólögmætrar gengistryggingar upp á 61 ma.kr. Bankinn er sem sagt að komast hjá því að skila til viðskiptavina sinna þeim afslætti sem hann fékk frá gamla bankanum.

Þegar allt þetta er tekið saman, þá stóðu útlán Landsbankans til viðskiptavina í árslok 2012 í 666,1 milljörðum króna. Yfirtekin útlán frá gamla bankanum voru bókfærð á 655,7 milljarða króna. Samkvæmt upplýsingum í ársskýrslu 2012 höfðu útlán verið afskrifuð um 578 milljarða króna. Nú spyr sá sem ekki veit: Hvernig getur það staðist að Landsbankinn hafi tekið yfir útlánasöfn upp á 655,7 milljarða kr., afskrifað af þeim 578 milljarða króna og samt standa þessi útlán í 666,1 milljörðum króna án þess að þessa verði nokkru staðar vart í reikningum bankans? Enn og aftur er bankinn að búa til sannleika í staðinn fyrir að segja hann!

Næst er að skoða ársreikning bankans vegna 2012. Rekstrarreikningur bankans vegna 2012 er birtur á bls. 6. Þar kemur fram að virðisbreyting útlána og krafna yfirteknum með miklum afföllum var 37,3 ma.kr. árið 2012 og 58,5 ma.kr. 2011. Þegar ársreikningur fyrir 2010 er skoðaður sést að sambærilegar tölur fyrir 2010 og 2009 eru 49,7 ma.kr. og 23,8 ma.kr. eða 169,3 ma.kr. í það heila. Bankinn er sem sagt búinn að byggja hagnað sinn undanfarin fjögur ár á endurmati lánasafna sem hann fékk með miklum afslætti! Þessi sömu ár var virðisrýrnun útlána og krafna 12,3 ma.kr., 7,0 ma.kr., 14,6 ma.kr. og 6,6 ma.kr. eða alls 40,5 ma.kr. og tap af gengistryggðum útlánunum og kröfum á viðskiptavinum eru 2,1 ma.kr., 40,7 ma.kr. og 18,2 ma.kr. eða alls 61 ma.kr. (Ekki var slíkt tap vegna 2009.) Nettó gerir þetta því að virði lánasafna hafi hækkað um 67,8 ma.kr. á fjórum árum.

Hvernig sem tölum Landsbankans er snúið, þá er gjörsamlega ómögulegt að finna í reikningum bankans 578 ma.kr. lækkun lána viðskiptavina. Ástæðan er náttúrulega einföld: Hún átti sér ekki stað í reikningum Landsbankans, þ.e. nýja bankans. Það eina sem átti sér stað í reikningum hans var breyting á virði lána umfram það sem hafði átt sér stað í bókum Landsbanka Íslands, þ.e. gamla bankans. Það alvarlega við þessa niðurstöðu er að útlán sem stóðu í 655,7 milljörðum króna við stofnun bankans hafa eingöngu hækkað í 666,1 milljarða króna á rúmlega fjórum árum, þrátt fyrir að lánasöfnin hafi hækkað vegna endurmats/virðisaukningar um 67,5 milljarða umfram skráðar leiðréttingar/tap/virðisrýrnun. Ef þetta endurmat/virðisbreyting útlánanna hefði ekki komið til, þá stæðu útlán bankans til viðskiptavina í 598,6 milljörðum króna. Það sem verra er, að hefði þessi virðisbreyting upp á 169,3 milljarða króna ekki átt sér stað, **þá hefði tap bankans orðið um 70 milljarðar króna á árunum 2009-2012** að teknu tilliti til breytinga á sköttum. Með tap upp á 70 milljarða á þessum 4 árum, þá stæði eigið fé bankans í 55,9 milljörðum eða 6% sem er langt undir kröfum um eigið fé. Landsbankinn er því að beita barbabrellum til að sýna fram á sterka eiginfjárstöðu, þegar reyndin er önnur. Svo má ekki gleyma því að skuld nýja bankans við þann gamla hækkaði um 65 milljarða við þessa barbabrellu!

Íslandsbanki

Í stofnefnahagsreikningi Íslandsbanka frá 15.10.2008 (sjá bls. 4 í Stofnefnahagsreikningur nýja Glitnis.pdf (hér eftir IB-skjal) hjá Víglundi) er tilgreint að útlán til viðskiptavina (loans to customers) hafi verið tekin yfir á 631,4 milljörðum króna. Í grein 3.6 á bls. 4 er gefin skýring á því hvernig þessi tala er fengin. Staðan lána í Glitni var 1.934,5 ma.kr. af þeirri tölu voru fyrst dregin þau lán sem urðu eftir hjá Glitni (84,0 ma.kr.) og síðan þau lán sem teljast SPV-lán (rekstrarreiningar um sérverkefni, e.special purpose vehicle) að upphæð 790,6 ma.kr. Eftir stóðu þá lán að fjárhæð 1.059,9 ma.kr. sem færð voru niður sem hér segir:

| | |
|---|----------------------|
| Niðurfærsla vegna lána um 3% af eiginfé | -240,5 ma.kr. |
| Niðurfærsla lána tryggð af Glitni og Stoðum | -58,6 ma.kr. |
| Viðbótar niðurfærslur 30% | <u>-129,4 ma.kr.</u> |
| Alls niðurfært | -428,5 ma.kr. |

Niðurfærslur sem hlutfall af heildarlánum 40%

Við þetta má bæta að öll lán að fjárhæð 13 ma.kr. sem tryggð voru með veði í bréfum Glitnis eða FL Group (Stoða) voru að fullu færð niður að fullu. Hluti þessara lána var til starfsmanna og félaga þeirra.

Í fylgiskjali 5 er fjallað um SPV-lánin. Þar kemur fram að lán frá Seðlabanka Íslands með veði í sértrygðum skuldabréfum (Covered bond) séu jöfnuð út að fjárhæð 63,6 ma.kr. og íbúðalán vegna covered bond að fjárhæð 98,1 ma.kr. séu færð út. Fjallað er um þessi bréf í grein 4.1 á bls. 9 sem hluta af endurkaupasamningum (repurchase agreements).

Í [ársreikningi Íslandsbanka fyrir 2008](#) segir í grein 2.1 á blaðsíðu 13 er gefið upp að bókfært verð (carrying amounts) lána viðskiptavina áður en þau voru færð yfir hafi verið 905,0 ma.kr. en þau hafi verið færð niður um 428 ma.kr. og því hafi bókfært verð verið 477,1 ma.kr. eða 52,7% af nafnvirði. Þarna er ekki verið með neina flókna skýringu, eins og birtist í síðari ársskýrslum og ekki síst áhættuskýrslum. Í athugasemdum 28 og 29 á bls. 48 kemur síðan fram að óendurskoðuð staða lána hafi verið 482,6 ma.kr. sem hækkað hafi í 530,5 ma.kr. en af þeirri upphæð hafi 45,6 ma.kr. verið færðir á afskriftareikning, þannig að áramótastaðan hafi verið 484,9 ma.kr. Skýrir þetta að mestu afskriftirnar í töflunni fyrir neðan.

Hafa skal í huga þegar kemur að afskriftum á lánum Íslandsbanka árið 2008 (þ.e. frá 15.10.-31.12.) að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fór fram á það við fjármálafrirtæki, að þau færðu ekki lán upp til samræmist við gengisbreytingar.

Íslandsbanki hefur gefið upp í ársreikningum sínum árlegar afskriftir. Þessar afskriftir eru til viðbótar þeim sem koma til vegna afsláttarins sem bankinn fékk frá Glitni, þ.e. þær hafa áhrif á bókfærða stöðu útlána. Samkvæmt ársreikningum eru þessar afskriftir sem hér segir:

| Ár | Upphæð |
|------|--------------|
| 2008 | 45,6 ma.kr. |
| 2009 | 71,8 ma.kr. |
| 2010 | 61,7 ma.kr. |
| 2011 | 41,3 ma.kr. |
| 2012 | 45,2 ma.kr. |
| Alls | 265,6 ma.kr. |

Þessar afskriftir eru því til viðbótar þeim sem komu frá Glitni. A.m.k. er ekkert í reikningum Íslandsbanka sem bendir til annars.

| Flokkur | Útlán | Niðurfærsla | Yfirtekin staða | Hlutfall |
|--|---------|-------------|-----------------|----------|
| IB-skjal | 1.059,9 | -428,5 | 631,4 | 59,6% |
| • þar af stórir aðilar | 569,9 | -240,5 | 329,4 | 57,8% |
| • aðrir aðila | 490,0 | 188,0 | 302,0 | 61,6% |
| Skýring 2.1 í ársreikningi (bls. 13) | 905,0 | -428,0 | 477,1 | 52,7% |
| Mismunur | 154,9 | -0,5 | 154,3 | 99,6% |
| Efnahagsreikn. í ársreikningi (bls. 7) | | | 482,6 | |

Samkvæmt skýringu 2.1 d) í ársreikningi Íslandsbanka fyrir 2008, þá voru lán um 300 stærstu viðskiptavina Glitnis skoðuð sérstaklega, þ.e. lántaka með um 50% af öllum útlánnum bankans. Fjallað er um þessi fyrirtæki og lán í IB-skjalinu og verður það skoðað betur síðar í þessu skjali.

Höldum áfram með upplýsingar úr ársreikningnum. Næst er skipting lánanna milli fyrirtækja og einstaklinga (sjá bls. 48 í ársreikningi fyrir 2008). Ekki er gefin upp skipting við yfirtöku né heldur sagt hvað stór hluti niðurfærslu er vegna fyrirtækja og hve stór vegna lána til einstaklinga. Tölurnar sem hér eru gefnar eru því staðan 31.12.2008:

| Flokkur | Útlán |
|---------------|-------|
| Fyrirtæki | 302,3 |
| Einstaklingar | 174,1 |
| Aðrir | 8,5 |
| Ársreikningur | 484,9 |

Hafa skal í huga að þessi tala var færð niður um 45,6 ma.kr. og því er nafnverð lánanna 530,5 ma.kr.

Í áhættumatsskýrslu bankans fyrir 2012 segir í grein 4.3.3:

Lán telst hafa verið tekið yfir með miklum afslætti (e. deep discount) þegar gangvirði á kaupdegi (bókfært virði) er talsvert lægra en eftirstöðvar lánsins samkvæmt skilmálum lánasamnings (kröfuvirði). Stór hluti eigna bankans var tekinn yfir með miklum afslætti. Afslættinum var ætlað að mæta útlánatapi sem hafði átt sér stað á yfirtökudegi og mögulegu framtíðartapi.

.. Vegna munar á milli eftirstöðva lána og bókfærðs virðis þeirra er bankinn þeirrar skoðunar að lánasafnið geti að jafnaði verið endurskipulagt án þess að bókfært virði safnsins lækki frekar. Í sumum tilvikum dugir afslátturinn þó ekki til að mæta afskriftum en í öðrum leiðir endurskiplagning til fjárhagslegs ávinnings fyrir bankann. Þessi mismunur dregur úr væntu tapi bankans og það gerir almenna virðisrýrnunin einnig.

Þessi texti er mjög áhugaverður, þegar haft er í huga að bankinn fékk lán til viðskiptavina með afslætti upp á 428,5 ma.kr. Samkvæmt tilvitnuðum texta var „[a]fslættinum ætlað að mæta útlánatapi sem hafði átt sér stað á yfirtökudegi“.

Í IB-skjalinu er gefið upp að lánasöfn að upphæð 569,9 ma.kr. til tilgreindra stórra aðila hafi verið færð niður um 240,5 ma.kr. Ekki er vitað hvort öll þessi lán voru færð yfir til Íslandsbanka.

Lán að nafnvirði 112,7 ma.kr. flokkuðust sem SPV lán og voru skilin eftir hjá Glitni. Athygli vekur að þau lán, sem ekki er gefin upp afskrift á, eru mjög nálægt að upphæð mismuninum á því sem gefið

var upp í IB-skjalinu að fært yrði til Íslandsbanka og kemur síðan fram í ársreikningi fyrir 2008 að var fært. Hér þarf þó ekkert sambandi að vera á milli.

Íslandsbanki hefur haldið spilunum þéttar að sér, en a.m.k. Landsbankinn, og því erfiðara að segja nákvæmlega hver afslátturinn var af lánum heimilanna. Árni Páll Árnason, þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, gaf þó upp á þingi í svari til Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, að bankinn hafði tekið íbúðalán yfir með 30% afslætti. Þar sem Árni Páll hefur verið þekktur fyrir allt annað en að fara rétt með tölur, þá er nauðsynlegt að taka þessum upplýsingum með fyrirvara.

Arion banki

Skoðað er skjalið sem heitir hjá Víglundi Stofnefnahagsreikningur nýja Kaupþings hf. (hér eftir vísað til sem NKB-skjal). Í skjalinu er fjallað um forsendur stofnefnahagsreiknings Nýja Kaupþings banka. Flestar þessar upplýsingar hafa verið aðgengilegar í gegn um Creditors' Report sem birtar voru reglulega frá febrúar 2009.

Í NKB-skjalinu er í kafla 3.3 ítarlega fjallað um út frá hverju var gengið við mat á lánum, þegar þau voru færð yfir. Í stórum dráttum var eftirfarandi haft til hliðsjónar:

Lán til 300 stærstu (um 80% af lánassafni):

- Lán með veð í fasteignum og/eða tengd fasteignaverkefnum voru færð niður um 50%.
- Lán með veði í fjármálafyrirtækjum og/eða veði í hlutabréfum virkra eigenda fjármálafyrirtækja á Íslandi voru færð niður að fullu, þ.e. 100%.
- Lán með veði í öðrum skráðum hlutabréfum voru færð niður að áætluðu markaðsverði viðkomandi trygginga (þ.e. mjög mikil niðurfærsla).
- Lán með veði í óskráðum hlutabréfum voru færð niður að fullu.
- Lán með veði í skipum voru færð niður um 10%.
- Lán til sveitarfélaga og opinberra aðila voru ekki færð niður.
- Lán til starfsmanna vegna kaupa á hlutabréfum í Kaupþingi banka hf. voru færð niður að fullu (hefur að einhverju leiti verið snúið við).
- Sjóðstreymislán voru metin sérstaklega, en að mestu skilin eftir í gamla bankanum.

Önnur lán (um 20% af heildarútlánum), þ.e. til annarra lántaka, sem ekki fengu sérstaka skoðun, voru færð niður um 30%.

Útlán sem veðsett voru Seðlabanka og erlendum og innlendum fjármálafyrirtækjum urðu eftir hjá gamla bankanum.

Í drögum að stofnefnahagsreikningi Nýja Kaupþings banka hf. (Arion banka) segir að lán að nafnvirði 1.409,8 ma.kr. hafi verið flutt yfir með 954,3 ma.kr. niðurfærslu, þ.e. bókfært virði í nýja bankanum hafi verið 455,5 ma.kr. eða 32,3% af nafnvirði í gamla bankanum. Í NKB-skjalinu er þessu lýst frekar (tölur í milljörðum króna):

| Liður | Útlán | Niðurfært |
|-------------------------------------|---------|-----------|
| Lán í móðurfélagi 30.9.2008 | 2.122,6 | 22,6 |
| Erlend félög og starfsemi | 41,8 | |
| Breytingar fram til 10.10. | -12,2 | |
| Móðurfélag án erlendrar starfsemi | 2.068,6 | 22,6 |
| Leiðrétt - Liðir ekki teknir með | 658,8 | |
| Leiðrétt - Fært til matsverðs | | 931,7* |
| Nýr banki - stofnefnahagsreikningur | 1.409,8 | 954,3** |
| Gamli banki - móðurfélag | 700,6 | |

*Þetta er sagt vera matsbreyting í lánabók, **Sjá skýringu fyrir neðan

Mjög ítarleg skýring er gefin á breytingu á matsvirði lánanna í NKB-skjalinu í skýringu F3 (** liður að ofan). Skoðum fyrst stóru myndina:

| Flokkur | Útlán | Niðurfærsla | Yfirtekin staða | Hlutfall |
|------------------------|---------|-------------|-----------------|----------|
| NKB-skjal | 1.409,8 | -954,3 | 455,5 | 32,3% |
| • þar af stórir aðilar | 1.081,8 | -759,3 | 322,4 | 29,8% |
| • aðrir aðila | 319,3 | -186,2 | 133,1 | 41,7% |

(Hér sjá glöggir lesendur að mismunur er upp á hátt í 9 ma.kr. sem ekki er útskýrður í NKB-skjalinu.)

Aðrir aðilar eru sundurliðar frekar sem hér segir:

| Flokkur | Útlán | Niðurfærsla | Yfirtekin staða | Hlutfall |
|---|-------|-------------|-----------------|----------|
| Útlán fyrirtækjasviðs utan 300 stærstu | 21,5 | -9,8 | 11,7 | 54,4% |
| Lán Viðskiptasviðs (m.a. einstaklingar) | 199,0 | -64,4 | 139,4 | 70,1% |
| Lán starfsmanna v/hlutabréfakaupa | 54,4 | -54,4 | 0 | 0% |
| Fyrirtækjaráðgjöf | 1,7 | -0,5 | 1,2 | 70,6% |
| Liður án skýringar | 65,0 | -65,0 | 0 | 0% |
| Óskýrður munur | 37,3 | -37,3 | 0 | 0% |
| Bakfærð lán í 300 stærstu | -24,8 | 18,0 | -6,8 | 27,4% |
| Eldri niðurfærslur | -22,6 | 22,6 | 0 | 0% |
| Breytingar fram til 21.10.2008 | -12,2 | 0 | -12,2 | 100% |
| Samtals | 319,3 | -190,8 | 133,3 | 41,7% |

Þarna eru tveir liðir upp á 102,3 ma.kr. sem óljóst er hvað þýða. Annar virðist vera einhvers konar varúðarfærsla upp á 65 ma.kr. og hinn lán sem ekki hefur verið hægt að staðsetja eða ekki var munurinn á reikningum og lánabók.

Endanlegur stofnefnahagsreikningur Nýja Kaupþings, sem núna heitir Arion banki, var frábrugðinn því sem greint hefur verið frá að ofan. Í skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna kemur fram að lán voru yfirtekin á bókfærðu virði 324,7 ma.kr. Þarna er mismunur upp á 130,8 ma.kr. sem vill svo til að er nánast sama tala og birtist allt í einu í Creditors' Report gamla bankans í september 2009. Tekið er fram í CR að eignir upp á 190 ma.kr. hafi verið færðir til baka miðað við drög að stofnefnahagsreikningnum, þar af hafi 90 ma.kr. ekki verið veðsettar. Mjög líklega er um að ræða útlán sem urðu eftir í gamla bankanum vegna veða í Seðlabanka Íslands. Þessi lán færðust yfir í nýja bankann 8. janúar 2010 og var upphæð þeirra gefinn upp vera 112,8 ma.kr.

Í ársreikningi vegna 2009 er gefin upp skipting yfirtekinna lána á bókfærðu virði eins og þau stóðu í lok árs 2008, nafnverð þeirra og afsláttur (deep discount) fenginn við yfirfærslu.

| Flokkur | Útlán |
|------------------|--------------|
| Einstaklingar | 37,2 |
| Eignarhaldsfélög | 66,4 |
| Iðnaður | 110,9 |
| Fasteignafélög | 45,7 |
| Þjónusta | 59,3 |
| Aðrir | 17,6 |
| Samtals | 337,0 |

Athygli vekur lágt hlutfall lána til einstaklinga, en skýring á því er húsnæðislán sem urðu eftir í gamla bankanum, eins og áður er bent á.

| Flokkur | Útlán |
|--|--------------|
| Nafnverð í gamla bankanum | 1.152,3 |
| Afsláttur | 796,4 |
| Varúðarfærslur ársins | 18,9 |
| Bókfært virði 31.12.2008 | 337,0 |
| Hlutfall bókfærðs virðis utan varúðarfærslu ársins | 30,09% |

(Sjá skýringu 68 á bls. 91 í ársreikningi Arion banka fyrir 2009)

Arion banki hefur gefið upp í ársskýrslum sínum varúðarfærslur vegna lána. Þessar varúðarfærslur eru líkt og hjá hinum bönkunum til viðbótar við þær afskriftir þar sem gengið er á afslættina frá Kaupþingi. Fyrir árin 2008-2012 var þróun varúðarfærslan sem hér segir (milljarðar króna):

| Ár | Einstaklingar | Fyrirtæki | Alls | Bókf.afskriftir |
|------|---------------|-----------|------|-----------------|
| 2008 | | | 18,9 | 0,0 |
| 2009 | | | 28,7 | 0,0 |
| 2010 | | | 41,8 | 7,7 |
| 2011 | 12,8 | 43,5 | 56,3 | 13,2 |
| 2012 | 19,2 | 40,6 | 59,8 | 9,9 |

Þetta þýðir að bókfærðar afskriftir í reikningum Arion banka eru bara 30,8 ma.kr. fyrir þessi rúmlega fjögur rekstrar ár! Allar aðrar meintar afskriftir Arion banka eru því komnar frá hinum nærri 800 ma.kr. afslætti sem gefinn er upp í ársreikningnum frá 2009. Hafa skal í huga að Arion banki hefur tekið yfir nokkra sparisjóði og gætu einhverjar af þessum afskriftum líka verið tilkomnar vegna þess.

Yfirtökuverð lána til stórra aðila er birt í NKB-skjalinu og eru þær upplýsingar ekki síður áhugaverðar en þær sem koma fram í skjali Íslandabanka. Alls eru útlán til 220 aðila skoðuð og er dreifing niðurfærslu sem hér segir:

| Afskriftar- hlutfall í % | Fjöldi | Brúttó fjárhæð lána | Eftir niðurfærslu | Niðurfærsla | Hlutfall niðurfærslu |
|-----------------------------|--------|------------------------|----------------------|-------------|-------------------------|
| 0% | 8 | 18,9 | 18,9 | 0 | 0% |
| 1-10% | 39 | 84,3 | 75,9 | 8,4 | 10% |
| 11-20% | 7 | 73,9 | 59,1 | 14,8 | 20% |
| 21-30% | 9 | 34,3 | 24,0 | 10,3 | 30% |
| 31-40% | 3 | 5,5 | 3,3 | 2,2 | 40% |
| 41-50% | 72 | 228,7 | 114,4 | 114,4 | 50% |
| 51-60% | 3 | 15,6 | 6,2 | 9,4 | 60% |
| 61-70% | 1 | 40,7 | 12,2 | 28,6 | 70% |
| 81-90% | 5 | 15,8 | 2,9 | 12,9 | 81% |
| 91-99% | 1 | 110,0 | 5,5 | 104,5 | 95% |
| 100% | 72 | 454,1 | 0 | 454,1 | 100% |
| | 220 | 1.081,8 | 322,4 | 759,3 | 70% |

Hafa skal í huga að ekki voru öll þessi lán færð yfir.

Viðbót í janúar 2015

Eftir að þessi greinargerð var skrifuð, þá hafa bankarnir opinberað meira af upplýsingum um fortíðina. Eftir stendur þó, að bankarnir eiga eftir að skýra út meðhöndlun sína á afslætti sem þeir fengu á lánasöfnum frá hrunbönkunum og ekki síst hvers vegna þeir mismuna, að því virðist, viðskiptavinum sínum grimmt. Mitt mat er að rangur póll var tekinn í hæðina við endurreisn viðskiptabankanna. Eða eigum við að segja, að sá póll sem unnið var eftir sumar og haust 2009 var rangur, því sá upprunalegi var mun betri fyrir íslenskt efnahagslíf. Farið var sú leið, að nýju bankarnir væru einráðir um það hvernig þeir meðhöndluðu lántaka sína og viðskiptavini. Ég hef því miður séð of mörg dæmi um hentisemisákvæðanir eða geðþóttaákvæðanir hjá öllum bönkunum til þess, að hægt sé að segja að um tilviljun sé að ræða. Upplýsingar í gögnunum, sem Víglundur Þorsteinsson hefur núna gert opinber, styðja að mínu mati þá fullyrðingu hans, að tilstaðar hafi verið „aftökulisti“.

Nánast allir Íslendingar eru undir hæl bankanna þriggja. Þangað liggja nánast allir þræðir í fjármálum landsins. Þetta hefur leitt til þess, að fyrirtæki hafa ekki mótmælt gerræði bankanna og því hefur baráttan fyrir réttlæti verið háð í gegn um neytendaréttinn. Ef ekki hefði verið fyrir baráttu Hagsmunasamtaka heimilanna, Samtaka lánþega, hóps einstaklinga og lögfræðinga, þá hefðu bankarnir haldið eftir enn þá stærri hluta af afslættinum. Mér finnst það ógnvænlegt hve sterk ítök þessir þrjú bankar hafa á þjóðfélaginu og hve þá virðist skorta nánast gjörsamlega alla samfélagslega ábyrgð. Að maður tali nú ekki um, að ekki virðist örla á því hjá þeim viðurkenning á því, að lánasöfn þeirra séu að stórum hluta byggð á hagnaði/hækkunum vegna lögbrota sem framin voru í aðdraganda hrunsins. Þetta sé því illa fenginn gróði og honum beri að skila, þangað sem hann var fenginn, þ.e. aftur til lántakanna.